



Íslenska Gámafélagið

Grænt bókhald 2021

Efnisyfirlit

Yfirlýsing stjórnar	2
Staðfesting endurskoðanda græns bókhalds.....	3
Starfsemi Íslenska Gámafélagsins	4
Umhverfisstefna.....	5
Umhverfismál.....	5
Starfsleyfi	5
Hráefnis og auðlindanotkun – Lykiltölur.....	6
Magn sorps frá starfseminni 2021	6
Orkunotkun 2021.....	7
Eldsneytisnotkun 2021.....	7
Vöktunarmælingar frárennslisvatns	8

Yfirlýsing stjórnar

Stjórn Íslenzka Gámafélagsins staðfestir hér með þær upplýsingar sem lagðar eru fram í grænu bókhaldi fyrirtækisins fyrir árið 2021.

Reykjavík, 29. apríl 2022

Helga Kristín

Guðmundur Steinhólmur

Staðfesting endurskoðanda græns bókhalds

Ég hef endurskoðað tölulegar upplýsingar í skýrslu um grænt bókhald fyrir starfsemi Íslenska Gámafélagsins ehf. árið 2021.

Endurskoðunin felur í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna tölulegar upplýsingarnar sem koma fram í græna bókhaldinu. Ég tel að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit mitt að skýrsla Íslenska Gámafélagsins ehf. sé gerð í samræmi við lög og reglugerðir um grænt bókhald og að tölulegar upplýsingar séu í samræmi við þær aðferðir sem þar er gerð grein fyrir.

Reykjavík, 27. apríl 2022



Eva Yngvadóttir, efnaverkfræðingur
EFLA verkfræðistofa



Starfsemi Íslenska Gámafélagsins

Íslenska Gámafélagið ehf. var stofnað 1999 en hefur vaxið og dafnað og nú starfa um 300 manns hjá fyrirtækinu víða um land. Fyrirtækið er með höfuðstöðvar á Esjumelum í Reykjavík en er einnig með starfsstöðvar í Árborg, Reykjanesbæ, Akureyri, Reyðarfirði, Egilsstöðum og víðar.

Íslenska Gámafélagið býður upp á heildarlausn á sviði umhverfisþjónustu sem spannar alla þætti almennrar sorphirðu, flokkun og útflutning hráefna til endurvinnslu, ráðgjöf og fræðslu á sviði flokkunar og endurvinnslu til fyrirtækja, einstaklinga og sveitafélaga.

Starfsemin byggist að mestu leyti á sorphirðu og flokkun hjá fyrirtækjum og heimilum um allt land. Ferlið fer síðan eftir tegund úrgangsins hverju sinni, hvort um sé að ræða almennt óflokkað sorp sem ýmist fer til orkuvinnslu eða urðunar, eða endurvinnanlegt hráefni sem flokkað er í flokkunarstöðvum Íslenska Gámafélagsins og sent til endurvinnslu. Einnig sækir fyrirtækið lífrænan eldhúsúrgang, bæði á heimili í nokkrum sveitarfélögum og í fyrirtæki, og sér um jarðgerð á honum. Það hráefni sem Íslenska Gámafélagið sér ekki um úrvinnslu á er sent til annarra fyrirtækja sem sjá um að koma því í réttan farveg.

Í upphafi árs 2014 var spilliefnamóttaka standsett í höfuðstöðvum Íslenska Gámafélagsins. Þar eru flokkuð þau spilliefni sem koma inn á svæðið og þeim fundin réttur úrvinnslufarvegur. Árið 2012 fékk Íslenska Gámafélagið leyfi til að flytja út rafgeyma til endurvinnslu. Rafgeymar og önnur spilliefni eru geymd og meðhöndluð í samræmi við lögbundnar kröfur og skilyrði starfsleyfis.

Árið 2018 var tekin ákvörðun um að Íslenska Gámafélagið myndi flytja höfuðstöðvar sínar frá Gufunesi til Esjumela. Síðan þá hefur uppbygging svæðisins átt sér stað og starfsemin flutt smátt og smátt.

Helstu breytingar á árinu voru þær að starfsemin flutti að öllu leyti á Esjumela og starfsleyfi gefin út fyrir nýja starfsstöð. Svæðið á Esjumelum skiptist í Koparsléttu 22 og Kalksléttu 1.

Samkvæmt kröfum í kafla 4 í skilyrðum fyrir starfsleyfi fyrir spilliefnamóttöku, hefur Íslenska Gámafélagið einnig tekið saman ársyfirlit fyrir árið 2021. Þar koma fram eftirfarandi upplýsingar:

- Upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á mót
- Mengunaráhöpp og viðbrögð við þeim
- Rekstur frárennsliskerfis
- Niðurstöður vöktunarmælinga
- Þjálfun starfsfólks

Íslenska Gámafélagið vinnur samkvæmt vottuðu gæða- og umhverfisstjórnunarkerfi sem uppfyllir kröfur ISO 9001 og 14001.

Umhverfisstefna

Starfsmenn eru meðvitaðir um umhverfisáhrif fyrirtækisins og hafa kunnáttu, færni og metnað til að draga skipulega úr áhrifum þýðingarmestu umhverfisþáttanna, sem eru:

- Eldsneytisnotkun og losun gróðurhúsalofttegunda
- Efnanotkun og meðhöndlun spilliefna
- Almennur úrgangur

Þetta gerum við með því að:

- Starfa samkvæmt vottuðu umhverfisstjórnunarkerfi ISO 14001 og í samræmi við þau lög og reglugerðir sem um starfsemina gilda
- Leita sífellt leiða til að gera betur í starfseminni
- Finna og þróa lausnir sem bæta árangur í umhverfismálum

Umhverfismál

Hjá Íslenska Gámafélaginu er fylgst mánaðarlega með notkun helstu umhverfisþátta sem helst hafa áhrif á umhverfið. Unnið er að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda samhliða endurnýjun á tækjum, en þá eru valin umhverfisvænni kostir, t.d. rafmagnstæki í stað tækja sem ganga fyrir eldsneyti eða bílar með hærri Euro staðal. Eftirlit er með glussaslöngum á bílum til að fyrirbyggja leka á þeim.

Í öllum stærri bílum og á starfsstöðum þar sem spilliefni eru til staðar er neyðarbúnaður sem dregur í sig fljótandi efni ef óhapp verður. Einnig eru mottur til að setja yfir niðurföll í spilliefnamóttöku og á þeim stöðum þar sem hætta er á að mikið magn af efnum gætu farið í niðurföll.

Starfsleyfi

Vegna spilliefnamóttökunnar fellur Íslenska Gámafélagið undir fyrirtækjaflokkinn 5.1 – Stöðvar fyrir meðhöndlun, förgun eða endurnýtingu spilliefna, samkvæmt fylgiskjali með reglugerð nr. 851/2002, um grænt bókhald. Starfsleyfi fyrir meðhöndlun spilliefna var síðast gefið út af Umhverfisstofnun 6. september 2021 og gildir til 6. september 2037.

Leyfi fyrir móttöku úrgangs, flutning úrgangs og flutning spilliefna var gefið út af Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur þann 5. október 2021 og gildir til 5. október 2033. Einnig starfar fyrirtækið undir starfsleyfum frá heilbrigðiseftirliti frá mismunandi landssvæðum.

Engin frávik frá starfsleyfi voru skráð vegna spilliefnamóttökunnar á árinu. Engin mengunaróhöpp voru á árinu.

Hráefnis og auðlindanotkun – Lykiltölur

Magn sorps frá starfseminni 2021

Á skrifstofum, verkstæði, mötuneyti og lager Íslenska Gámafélagsins flokkar starfsfólk þann úrgang sem frá starfseminni fellur. Gætt er að því að koma spilliefnum og öðru hráefni í réttan farveg. Hlutfall flokkunar má sjá á töflunni hér að neðan.

Flokkun úrgangs

Úrgangsflokkur	Magn (kg)
Almennt sorp	12.790
Grófur úrgangur	1.790
Hreint timbur	25
Gæðapappír	20
Hjólbarðar til endurvinnslu	2.540
Málmar til endurvinnslu	16.457
Lífrænn úrgangur í jarðgerð	3.230
Bylgjupappi til endurvinnslu	600
Plastumbúðir - Hart plast	20
Grænt efni til endurvinnslu	3.280
Rafgeymar	952
Spilliefni	1.162
Raftæki	247
Samtals	43.113

Orkunotkun 2021

Notkun á rafmagn og heitu vatni hefur dregist saman síðustu árin. Það skýrist af flutningi í ný og hentugri húsnæði á Esjumelum og einnig af því að nú eru notaðar led-perur, sem eru mun sparneytnari en þær sem áður voru notaðar. Ekki hafa legið fyrir upplýsingar um notkun á köldu vatni í Gufunesi þar sem Reykjavíkurborg hefur unnið að viðgerðum á kaldavatslögnum. Upplýsingar um magn orku frá Gufunesi er aðeins fyrir tímabilið janúar til maí. Eftir það var starfsemi hætt þar og hafin á Esjumelum að fullu.

Gufunes

Rafmagn (kWst)	175.283
Kalt vatn (m ³)	Upplýsingar ekki fyrirleggjandi
Heitt vatn (m ³)	13.494

Koparslétta 22

Rafmagn (kWst)	218.585
Kalt vatn (m ³)	713
Heitt vatn (m ³)	15.609

Kalkslétta 1

Rafmagn (kWst)	225.825
Kalt vatn (m ³)	498
Heitt vatn (m ³)	186

Eldsneytisnotkun 2021

Íslenska Gámafélagið notaði um 270 tæki sem ganga fyrir eldsneyti vegna starfsemi sinnar á árinu. Með því að auka hlut rafmagnstækja og innkaupa á sparneytnari bílum stefnir fyrirtækið að því að draga úr notkun á jarðefnaeldsneyti. Hér má sjá magn eldsneytis sem Íslenska Gámafélagið notaði árið 2021.

Metan(m3)	22.699
Bensín (l)	35.154
Díselolía (l)	1.494.255
Lituð díselolía (l)	236.270

Vöktunarmælingar frárennslisvatns

Samkvæmt kafla 4.2 í starfsleyfi fyrir spilliefnamóttöku á Koparsléttu skal vakta frárennslisvatn með því að taka sýni árlega, fyrir 1. október. Efnasýni verða tekin úr frárennslisvatni í september ár hvert. Þar sem starfsemin hófst í september 2021 var ekki tekið sýni þetta ár.

Framvegis verða eftirfarandi mælipættir skoðaðir í vatni úr úttaki olíuskilju árlega:

- Rennsli
- Hitastig
- Leiðni
- pH
- Heildarmagn svifanga
- Heildarmagn uppleystra efna (TDS)
- Flúoríð (F)
- Sýaníð (CN-)
- Olía (HOI og BTEX)
- Lífræn halógensambönd (AOX)
- Járn (Fe)
- Blý (Pb)
- Kvikasilfur (Hg)
- Kadmíum (Cd)
- Króm (Cr)
- Kopar (Cu)
- Sink (Zn)
- Arsen (As)
- Nikkel (Ni)